

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1151/2014 um umdæmi sýslumanna.

1. gr.

Í stað "Ólafsvík" í lokamálsl. 2. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: Snæfellsbær.

2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sýslumaður getur átt samstarf við sveitarfélag um þjónustu útibús í sveitarfélaginu, enda felist ekki í því framsal á framkvæmd lögbundinna embættisverka sýslumanna.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 9. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 10. mars 2017.

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.